

Umhverfis- og samgöngustefna

1. Stefnan

Markmið þessarar stefnu er að Akureyrarbær vinni stöðugt af framsækni og metnaði í bæði umhverfis- og samgöngumálum bæjarins. Umhverfis- og samgöngustefna Akureyrarbæjar er byggð á Staðardagskrá 21, íbúabingum í Hofi og Hrísey og hugmyndum um sjálfbæra þróun og þróunarvinnu Vistorku að kolefnishlutlausu samfélagi.

Sameiginlega mun umhverfis- og samgöngustefnan stuðla að betri lífsgæðum íbúa bæjarins hvað báða þætti varðar.

Stefna Akureyrarbæjar er að sveitarfélagið verði áfram í fremstu röð þegar kemur að umhverfismálum.

1.1 Orkugjafar, loftslags og loftgæðamál.

Styrkur koldíoxíðs í andrúmsloftinu fer stigvaxandi og getur við verstu aðstæður orðið rúmlega tvöfalt meiri um næstu aldamót ef ekkert verður að gert (sbr. vísindanefnd Sameinuðu þjóðanna). Akureyrarbær skuldbindur sig með undirritun loftgæðastefnu til að vinna að minnkun gróðurhúsalofttegunda og leggja þannig sitt af mörkum í þeim alþjóðlegu skuldbindingum sem Ísland hefur undirgengist. Loftslagsmál hafa áhrif á alla íbúa bæjarins og jafnframt er á ábyrgð allra að gera betur í þessum málaflokki.

Mikið hefur áunnist á síðustu árum í umhverfismálum bæjarins, m.a. í úrgangsmálum, samgöngumálum og nýtingu á endurnýjanlegum orkugjöfum og mikilvægt að halda þeirri stefnu af sama eða auknum metnaði.

Nýta skal rafmagn, metan og lífdísil eins og kostur er í samgöngum. Almenningsamgöngur skulu njóta aukins forgangs í umferðinni og götukaflar hannaðir í þágu þeirra.

Notkun nagladekkja hefur í för með sér aukna svífryksmengun og slit á götum og því mikilvægt að minna bæjarbúa á aðra valkosti en nagladekk. Með því að draga úr notkun nagladekkja þá eru fleiri ávinningar s.s. eins og minni kostnaður við hreinsun gatna og niðurfalla, minni eyðsla eldsneytis og minni umferðarhávaði næst götu.

Mikilvægt er að íbúar séu meðvitaðir um nýtingu á náttúruauðlindum

1.2 Samgöngur

Unnið skal að því að auka hlutdeild hjólandi og gangandi vegfarenda. Rík áhersla skal lögð á að tengja og leggja göngu-, hjóla- og útivistarstíga. Þétting byggðar er einnig mikilvægur þáttur sem forsenda góðs aðgengis að almenningsvögnum og betra umferðarflæðis.

Tryggja skal, frá upphafi skipulagsferils, hjólreiðar, göngu og almenningsamgöngur í skipulag nýrra hverfa og uppbyggingu eldri hverfa. Stuðlað skal að því að fjölbreyttum ferðapörfum íbúa sé mætt og að samgöngu- og leiðakerfið nýtist sem best.

1.3 Úrgangsmál: endurnýting, endurvinnsla

Mikilvæg skref voru stigin í úrgangsmálum við stofnun Flokkunar og Moltu árið 2007. Flokkun vann að gerð svæðisáætlunar fyrir Norðurland. Markmið svæðisáætlana er að draga markvisst úr myndun úrgangs og auka endurnotkun og endurnýtingu. Auknar kröfur í löggjöf og stefnumótun um úrgangsmál hafa mikil áhrif á sveitarfélögin og sama gildir um breytingar á neysluháttum almennt. Því er mikilvægt fyrir sveitarfélög að búa yfir góðri og víðtækri þekkingu á þessu sviði.

Virkja skal bæjarbúa til að flokka úrgang á enn betri hátt sem og að hvetja nærliggjandi byggðir til að gera slíkt hið sama. Akureyrarbær þarf með markvissum kynningum að minna á mikilvægi flokkunar og að íbúar bæjarins taki þátt í því starfi. Notkun einnota plastumbúða hefur mikil áhrif á umhverfið okkar og myndun úrgangs. Með upplýsingagjöf til neytenda um notkun vistvænna og margnota umbúða er hægt að draga úr notkun plastefna.

1.4 Almenningssvæði, græn svæði o.s.frv

Unnið verður að því að bæta græn svæði í bæjarlandinu í þágu íbúanna og áhersla lögð á verndun náttúru og lífríkis í þeim náttúruperlum sem finna má í bænum. Þá er mikil áhersla lögð á skógrækt til að auka útivistarmöguleika, kolefnisjöfnun og auka skjólsæld.

1.5 Fræðsla

Mikilvægt er að bæjarbúar séu meðvitaðir um verðmæti endurnýtanlegs úrgangs. Upplýsingagjöf og fræðsla er undirstaða aukinnar neyslulitundar og hvetur til bættrar nýtingar, minni sóunar, aukinnar flokkunar og endurvinnslu. Gott og stöðugt upplýsingaflæði auðveldar íbúum að taka upp umhverfisvænni lífsstíl. Akureyrarbær mun leggja áherslu á að kynningarefni sé ávallt uppfært, aðgengilegt og einnig til á ensku.

2. Aðgerðir

2.1 Orkugjafar, loftslags og loftgæðamál.

2.1.1 Upplýsingar um vistvæna orkugjafa í eigu bæjarfélagsins, einstaklinga og fyrirtækja

Markmið: Fá tölulegar upplýsingar um orkugjafa bifreiða í eigu sveitarfélagsins og um bifreiðar einstaklinga og fyrirtækja sem skráð eru í bænum svo hægt sé að vinna með þær upplýsingar í áframhaldandi verkefnum tengdum vistvænum orkugjöfum.

Aðgerðir: Taka saman upplýsingar og fá reglulegar uppfærslur.

Ábyrgð: Umhverfis og mannvirkjasvið / Vistorka

Verklök: 2017 og endurtekið árlega

2.1.2 Aukin meðvitund íbúa um nýtingu náttúruauðlinda

Markmið: Íbúar eiga að vera meðvitaðir um nýtingu náttúruauðlinda með sjálfbærni að leiðarljósi. Þetta snýr að bættri nýtingu og minni sóun á heitu og köldu vatni, rafmagni og eldsneyti.

Aðgerðir: Fræðsla til íbúa um mikilvægi bættrar nýtingar og leiðir til að draga úr sóun.

Ábyrgð: Norðurorka

Verklök: 2017 og endurtekið árlega

2.1.3 Ljósmeignun og myrkurgæði

Markmið: Draga úr ljósmeignun og auka myrkurgæðin ásamt því að draga úr orkunotkun.

Aðgerðir: Auka hlutdeild LED götulýsingar í bænum sem gerir lýsinguna markvissari. Unnið verður eftir samþykktu ljósvistarSKIPULAGI Akureyrar.

Ábyrgð: Umhverfis og mannvirkjasvið

Verklök: 2026

2.1.4 Upplýsingar um aðkeyptan akstur og þjónustu á vegum bæjarfélagsins

Markmið: Markmiðið er að fá tölulegar upplýsingar um aðkeyptan akstur og þjónustu á vegum bæjarfélagsins svo hægt sé að vinna með þær upplýsingar í áframhaldandi verkefnum tengdum vistvænum orkugjöfum.

Aðgerðir: Finna út hvar þessar upplýsingar er hægt að nálgast og fá reglulegar uppfærslur.

Ábyrgð: Umhverfis og mannvirkjasvið / Vistorka

Verklök: 2017 og endurtekið árlega

2.1.5 Vistvænir orkugjafar

Markmiðið: Að auka hlut vistvæns eldsneytis í bílafloata Akureyrarbæjar. Auka notkun vistvænna orkugjafa sem framleiddir eru í sveitarfélaginu s.s. metans, lífdísils og rafmagns. Hvetja íbúa og fyrirtæki til að skipta yfir í vistvæna orkugjafa í samgöngum undir merkjum um kolefnishlutlausa Akureyri.

Aðgerðir: Við endurnýjum ökutækja hjá Akureyrarbæ skulu aðeins keypt ökutæki sem gengið geta á hreinum innlendum orkugjöfum. Stuðla að upplýsingagjöf til almennings um kosti nýorku-bíla og auka aðgengi að vistvænum orkugjöfum í samgöngum.

Ábyrgð: Umhverfis og mannvirkjasvið

Verklök: 2020

2.1.6 Strætisvagnar

Markmið: Allir strætisvagnar bæjarins skulu að hluta eða öllu leyti ganga fyrir vistvænu eldsneyti árið 2020.

Aðgerðir: Nýjir strætisvagnar skulu uppfylla kröfur um notkun vistvæns eldsneytis.

Ábyrgð: Umhverfis og mannvirkjasvið

Verklök: 2020

2.1.7 Útboð á aðkeyptum akstri og þjónustu

Markmið: Akureyrarbær nálgist markmið sitt um kolefnishlutlaust samfélag.

Aðgerðir: Notkun á vistvænu eldsneyti skal vera í útboðslýsingum á vegum bæjarfélagsins og hafa vægi þegar ákvörðun er tekin.

Ábyrgð: Hagsýslusvið

Verklök: 2017

2.1.8 Aðkeyptur akstur og þjónusta

Markmið: Akureyrarbær nálgist markmið sitt um kolefnishlutlaust samfélag.

Aðgerðir: Gerð skal krafa um notkun vistvæns eldsneytis í aðkeyptum akstri og þjónustu bæjarfélagsins.

Ábyrgð: Allar deildir bæjarfélagsins
Verklok: 2026

2.1.9 Svifryksmælingar

Markmið: Upplýsingar um svifryk í andrúmslofti skulu aðgengilegar á rauntíma hverju sinni á heimasíðu bæjarins.

Aðgerðir: Settur verður upp svifryksmælir á gatnamótum Glerárgötu og Tryggvabrautar.

Ábyrgð: Umhverfis og mannvirkjasvið

Verklok: 2017

2.1.10 Götusópun

Markmið: Að minnka svifryk í andrúmslofti.

Aðgerðir: Að götur séu sópaðar eftir þörfum.

Ábyrgð: Umhverfis og mannvirkjasvið

Verklok: 2017

2.1.11 Háلكuvarnir

Markmið: Að minnka svifryk í andrúmslofti og halda götum og gangstéttum greiðfærum.

Aðgerðir: Gerð verði skoðanakönnun meðal íbúa um leiðir til háلكuvarna og haldinn íbúafundur í kjölfarið. Takmarka skal notkun malarefna, eins og kostur er til að lágmarka myndun svifryks. Nota skal salt til blöndunar í hóflegu hlutfalli og önnur efni sé þess kostur.

Ábyrgð: Umhverfis og mannvirkjasvið

Verklok: 2017

2.1.12 Minni notkun nagladekkja

Markmið: Að draga úr notkun nagladekkja til að minnka svifryk í andrúmslofti.

Aðgerðir: Setja skal upp skilti (færanlegt) sem vekur athygli á svifryksmengun af notkun nagladekkja.

Ábyrgð: Umhverfis og mannvirkjasvið

Verklok: 2017

2.2 Samgöngur

2.2.1 Græn stæði

Markmið: Að hækka hlutfall bifreiða sem ganga fyrir vistvænum orkugjöfum.

Aðgerðir: Þeir bílar sem uppfylla kröfur um vistvæna orkugjafa og eru auðkenndir sem slíkir fá forgang í bílastæði miðbæjarins.

Ábyrgð: Umhverfis og mannvirkjasvið / Skipulagssvið

Verklok: 2026

2.2.2 Heimahleðslustöðvar fyrir ökutæki

Markmið: Að fjölga rafmagnsbílum og bæta aðgengi/aðstöðu til hleðslu við heimahús.

Aðgerðir: Skipulagsnefnd komi á framfæri ábendingum til húsbyggjenda/verktaka/hönnuða um uppsetningu heimahleðslustöðva.

Ábyrgð: Umhverfis og mannvirkjasvið / Skipulagssvið

Verklok: 2017

2.2.3 Hraðahindranir

Markmið: Að auka gæði og þægindi í almenningssamgöngum.

Aðgerðir: Þegar settar eru upp nýjar hraðahindranir eða gamlar lagfærðar skal miða að því að þær hægi almenna umferð en strætisvagnar geti keyrt óhindrað yfir þær, sbr. svokallaðir "koddar" eða þrengingar.

Ábyrgð: Umhverfis og mannvirkjasvið / Skipulagssvið

Verklok: 2026

2.2.4 Göngu- og hjólreiðastígar

Markmið: Að hjólreiðar verði öruggur og aðgengilegur kostur í samgöngum í bæjarfélaginu allt árið um kring.

Aðgerðir: Gerðar verði reiðhjólbrautir/hjólareinar með það að markmiði að aðskilja gangandi og hjólandi umferð á stofnbrautum. Göngu- og hjólastígar verði tengdir við útivistarsvæði, nágrannasveitarfélög og áhugaverða áningarstaði. Innviðir fyrir göngu og hjólreiðar verði orðnir að samfelldu kerfi sem er notendavænt og aðlaðandi. Sett verði upp hjólastæði víðsvegar um bæinn.

Ábyrgð: Umhverfis og mannvirkjasvið / Skipulagssvið

Verklok: 2025

2.2.5 Hjólamerkingar á götum

Markmið: Að auka öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda og skapa sátt milli mismunandi samgöngumáta.

Aðgerðir: Þær götur sem geta borið umferð hjólandi verði merktar sérstaklega fyrir hjólarein beggja megin götunnar og skapa þannig aðskilda umferð gangandi, hjólandi og akandi með tilliti til umferðaröryggis.

Ábyrgð: Umhverfis og mannvirkjasvið/skipulagssvið

Verklok: 2020

2.2.6 Hjólavænt samfélag (Bicycle Friendly Community)

Markmið: Að Akureyrarbær fái vottunina Bicycle Friendly Community og geti því auðkennt sig þannig í markaðssetningu bæjarins gagnvart hjólreiðafólki.

Aðgerðir: Kortleggja hvaða skilyrði þarf til að uppfylla til að fá vottunina og unnið markvisst að uppfylla þau.

Ábyrgð: Skipulagssvið / Umhverfis og mannvirkjasvið / Akureyrarstofa

Verklok: 2020

2.2.7 Samgöngumiðstöð

Markmið: Að komið verði upp þjónustumiðstöð fyrir almenningssamgöngur.

Aðgerðir: Að komið verði upp samgöngumiðstöð þar sem öllum helstu samgönguleiðum á landi til og frá Akureyri er komið fyrir á einum stað.

Ábyrgð: Skipulagssvið / Umhverfis og mannvirkjasvið

Verklok: 2018

2.2.8 Leiðarkerfi SVA

Markmið: Mikilvægt er að tryggja að leiðarkerfi strætisvagnanna taki mið af þörfum bæjarbúa almennt.

Aðgerðir: Að kerfið aðlagi sig sífellt að þörfum bæjarbúa. Strætisvagnar haldist áfram gjaldfríir.

Ábyrgð: Umhverfis og mannvirkjasvið

Verklok: 2026

2.2.9 Biðstöðvar

Markmið: Að auka sýnileika biðstöðva og veita betri upplýsingar um strætóleiðir.

Aðgerðir: Biðstöðvar skulu útbúnar kortum með skýrum upplýsingum sem gefa upp komutíma vagna. Nafn eða númer biðstöðvar skal vera sjáanlegt á hverjum stað ásamt "hvar er ég" korti af bænum. Merkingar (SVA merkið eða staurinn) verði í áberandi lit. Ruslafötur skulu vera við allar biðstöðvar.

Ábyrgð: Umhverfis og mannvirkjasvið

Verklok: 2020

2.2.10 Aukin hlutdeild gangandi vegfarenda

Markmið: Auka hlutdeild gangandi vegfarenda á styttri leiðum innan bæjarins allan ársins hring.

Aðgerðir: Unnið skal að frekari þéttingu og blöndun byggðar í bænum. Staðsetning gangbrauta og tenging stíga skal miða að því að hafa leiðir sem stýstar og hagkvæmastar fyrir gangandi vegfarendur.

Ábyrgð: Umhverfis og mannvirkjasvið / Skipulagssvið

Verklok: 2026

2.2.11 Öryggi gangandi vegfarenda í kringum verslunar-, þjónustuhúsnæði og stofnanir

Markmið: Að auka öryggi gangandi vegfarenda á þessum stöðum.

Aðgerðir: Tryggja skal að við nýbyggingu á verslunar- og þjónustuhúsnæði skulu leiðir fyrir gangandi og hjólandi að inngangi vera sýnilegar, öruggar og sem skilvirkastar (stýstar) frá aðal samgönguleiðum.

Ábyrgð: Umhverfis og mannvirkjasvið / Skipulagssvið

Verklok: 2026

2.3 Úrgangsmál: endurnýting, endurvinnsla

2.3.1 Flokkunartunnur

Markmið: Að auka flokkun á endurnýtanlegum úrgangi í miðbæ.

Aðgerðir: Settar verði upp hagnýtar flokkunartunnur á 1-2 stöðum í miðbænum á sýnilegum stöðum.

Ábyrgð: Umhverfis og mannvirkjasvið

Verklok: 2017

2.3.2 Skipulag endurvinnslu í nýbyggingum

Markmið: Að gera endurvinnslu aðgengilega í nýbyggingum.

Aðgerðir: Nýbyggingar verði skipulagðar með viðunandi endurvinnsluaðstöðu í huga miðað við kröfur Akureyrarbæjar um flokkun, skv byggingareglugerð Mannvirkjastofnunar frá maí 2014.

Ábyrgð: Skipulagssvið

Verklok: 2017

2.3.3 Endurvinnsla í orlofsíbúðum

Markmið: Að auka flokkun á endurvinnanlegu efni í orlofsíbúðum.

Aðgerðir: Gerð verði krafa til leigusala orlofsíbúða að rétt flokkun sé hluti af leiguskilmálum.

Ábyrgð: Skipulagssvið

Verklok: 2017

2.3.4 Aðvörunarmiðar á sorptunnur

Markmið: Að auka flokkun á endurnýtanlegum úrgangi s.s. dagblöðum, pappír og plasti.

Aðgerðir: Aðvörunarmiðar verði settir á þær tunnur sem ekki er flokkað í. Uppfylli viðkomandi ábyrgðaraðili ekki skilyrði um flokkun eftir aðvörunarmiða fær viðkomandi sekt.

Ábyrgð: Umhverfis og mannvirkjasvið

Verklok: 2017

2.3.5 Flokkun úrgangs hjá stofnunum bæjarfélagsins

Markmið: Að stofnanir bæjarfélagsins flokki allan sinn úrgang.

Aðgerðir: Akureyrarbær skal flokka úrgang og haga rekstri sínum með endurvinnslu og góða nýtingu að leiðarljósi.

Ábyrgð: Umhverfis og mannvirkjasvið

Verklok: 2018

2.3.6 Nýtnivikan

Markmið: Að auka vitund íbúa um verðmæti hluta og þau verðmæti sem geta leynst í úrgangi. Nýtnivikan býður um leið upp á skemmtileg tækifæri til samvinnu sveitarfélaga, atvinnulífs og íbúa.

Aðgerðir: Akureyri muni taka þátt í Evrópsku nýtnivikunni (e. European Week for Waste Reduction (EWWR)). Verkefnið er samevrópskt og hefur það að markmiði að draga úr myndun úrgangs með því að hvetja fólk til að nýta hluti betur og lengja með því líftíma þeirra.

Ábyrgð: Umhverfis og mannvirkjasvið
Verklok: 2017

2.3.7 Áburðarnotkun

Markmið: Að nýta moltu sem jarðvegsbæti.

Aðgerðir: Dregið verði verulega úr notkun tilbúins áburðar í bæjarlandinu og notkun á moltu aukin.

Ábyrgð: Umhverfis og mannvirkjasvið
Verklok: 2020

2.3.8 Plastpokalaus Akureyri

Markmið: Að Akureyri verði plastpokalaust sveitarfélag.

Aðgerðir: Sveitarfélagið óskar eftir samstarfi verslunar, þjónustu og íbúa við að hætta notkun burðarplastpoka. Íbúum sveitarfélagsins mun standa til boða fjölnota burðarpokar á næstu árum.

Ábyrgð: Umhverfis og mannvirkjasvið
Verklok: 2020

2.4 Almenningssvæði, græn svæði o.s.frv

2.4.1 Græni trefillinn

Markmið: Að auka skjólsæld og kolefnisjöfnun í bæjarlandinu.

Aðgerðir: Haldið verður áfram með gróðursetningu trjáplantna á svæðinu umhverfis bæinn. Nú þegar hefur verið plantað í um 250 ha svæðisins og stefnt er að því að fyrir lok tímabilsins verði hlutfall plantaðra trjáa komið upp í 500 ha.

Ábyrgð: Umhverfis og mannvirkjasvið
Verklok: 2024

2.4.2 Verndun lífríkis og jarðmyndana í bæjarlandinu

Markmið: Að vernda lífríki og jarðmyndanir í bæjarlandinu.

Aðgerðir: Gerð verður áætlun um tilhögun verndunar á náttúrulegu lífríki og jarðmyndum í bæjarlandinu, t.d. á ísaldarklöppunum í Kotárborgum og víðar.

Ábyrgð: Umhverfis og mannvirkjasvið / Skipulagssvið
Verklok: 2020

2.4.3 Ágengar plöntur og plöntur á bannlista

Markmið: Að uppræta ágengar plöntur í bæjarlandinu.

Aðgerðir: Unnið verður markvisst gegn útbreiðslu ágengra plantna t.d. skógarkerfils, alaskalúpínu og tröllahvannar í öllu bæjarlandinu.

Ábyrgð: Umhverfis og mannvirkjasvið
Verklok: 2026

2.4.4 Kjarnaskógur

Markmið: Að auka aðdráttarafli skógarins.

Aðgerðir: Sett verða upp upplýsingaskilti til fræðslu og skemmtunar.

Ábyrgð: Umhverfis og mannvirkjasvið

Verklok: 2020

2.4.5 Glerárdalur

Markmið: Að auka aðgengi og nýtingu svæðisins sem útivistarparadís.

Aðgerðir: Hafin verður áætlanagerð um stíga og áningastaði í fólkvangnum á Glerárdal í samráði við Umhverfisstofnun. Farið verður í endurnýjun núverandi göngubrúar ásamt smíði og uppsetningu nýrrar brúar innar á dalnum. Upplýsingaskilti verða hönnuð og sett upp innan fólkvangsins.

Ábyrgð: Umhverfis og mannvirkjasvið / Fallorka

Verklok: 2024

2.4.6 Óshólmar Eyjafjarðarár

Markmið: Að auka aðgengi og nýtingu svæðisins sem útivistarparadís.

Aðgerðir: Mikilvægt er að gengið verði frá endanlegu deiliskipulagi af svæðinu í samvinnu við Eyjafjarðarsveit árið 2017. Í framhaldi verður hafin vinna við stígagerð, áningastaði ásamt merkingum. Vöktun fuglalífs í samvinnu við Eyjafjarðarsveit og Isavia á 10 ára fresti, næst árið 2020.

Ábyrgð: Umhverfis og mannvirkjasvið / Skipulagssvið / Skipulagsnefnd Eyjafjarðarsveitar

Verklok: 2026

2.4.7 Naustaborgir

Markmið: Að auka aðgengi og nýtingu svæðisins sem útivistarparadís.

Aðgerðir: Vinnu við endurheimt Hundatjarnar verður haldið áfram. Upplýsingaskilti verða hönnuð og sett upp innan svæðisins. Fuglavöktun verður haldið áfram og mun hún fara fram á tveggja ára fresti, næst vorið 2018.

Ábyrgð: Umhverfis og mannvirkjasvið

Verklok: 2026

2.4.8 Vitundarvakning gegn því að henda rusli á almannafæri

Markmið: Minnka rusli á almannafæri.

Aðgerðir: Óheimilt er að henda rusli á almannafæri samkvæmt lögreglusamþykkt bæjarins. Markvisst verður unnið í forvörnum því tengdu.

Ábyrgð: Umhverfis og mannvirkjasvið

Verklok: 2017

2.4.9 Lífríkið í Pollinum

Markmið: Að vernda lífríkið á svæðinu.

Aðgerðir: Lífríkið í Pollinum verður rannsakað og lagðar fram tillögur að úrbótum til verndunar á því. Vinna þarf verndunaraðgerðir sem snúa að mikilvægi svæðisins í fæðuöflun fugla.

Ábyrgð: Umhverfis og mannvirkjasvið

Verklok: 2020

2.4.10 Fráveita

Markmið: Að strandsvæðið sé hreint og hæft til útivistar.

Aðgerðir: Fráveitumálum bæjarins verður komið í viðunandi form til að koma í veg fyrir mengun strandsvæðis og bæta upplifun þeirra sem fara þar um.

Ábyrgð: Norðurorka

Verklok: 2020

2.4.11 Strandsvæðið

Markmið: Óheft aðgengi íbúa að strandlengju bæjarins utan hafnarsvæða.

Aðgerðir: Unnið verður að verndum ósnortinnar strandlengju bæjarins við Sílabás. Skilgreina þarf svæði þar sem bæjarbúar geta notið strandmenningar og útivistar við.

Ábyrgð: Skipulagssvið / Umhverfis og mannvirkjasvið / Hafnarstjórn

Verklok: 2020

2.5 Fræðsla

2.5.1 Svifryk

Markmið: Minnka svifryk í andrúmslofti.

Aðgerðir: Hvatning til íbúa og fyrirtækja um kosti þess að nota óneglða vetrarhjólabarða.

Ábyrgð: Umhverfis og mannvirkjasvið

Verklok: 2026

2.5.2 Átak um flokkun og endurvinnslu

Markmið: Auka neyslavitund með upplýsingagjöf og fræðslu og ýta undir aukna flokkun og endurvinnslu úrgangs.

Aðgerðir: Upplýsingaflæði um skilaleiðir fyrir endurnýtanlegan úrgang verði aukið með áherslu á að úrgangur sé ekki rusl heldur auðlind. Til að hægt sé að stuðla að aukinni úrgangsflokkun þarf að vera auðvelt fyrir íbúa sveitarfélagsins að nálgast upplýsingar um hver hinn rétti farvegur er fyrir úrgang sem fellur til á heimilinu.

Ábyrgð: Umhverfis og mannvirkjasvið.

Verklok: 2026

2.5.3 Matarsóun

Markmið: Að draga úr matarsóun, auka meðvitund um umhverfisáhrif matvælaframleiðslu og hvetja til bættrar nýtingar á mat úr héraði. Verkefnið horfi til átaksins www.matarsoun.is og taki jafnfram mið af niðurstöðu starfshóps sem skipaður var af Umhverfis- og auðlindarráðuneytinu og skilaði skýrslu 2015 sem heitir “matarsóun - tillögur til úrbóta”

Aðgerðir: Koma upp vottunarkerfi fyrir veitingahús í bænum í samvinnu við Vistorka sem snýr að því að draga úr matarsóun við eldamenskuna ásamt því að ýta undir að viðskiptavinir taki leifarnar með sér heim. Gerast þátttakendur í verkefninu matarsoun.is.

Ábyrgð: Umhverfis og mannvirkjasvið og Vistorka

Verklok: 2018

2.5.4 Fatasöfnun

Markmið: Gera íbúum grein fyrir að fót eiga ekki að lenda í ruslinu heldur sé hægt að nota ónýt fót lengur og koma þeim í endurnýjun lífdaga með að koma þeim t.d. til Rauða krossins.

Aðgerðir: Í upplýsingagjöf til íbúa verði lögð áhersla á að fatasöfnunargámar Rauða krossins séu ekki einungis ætlaðir fyrir heillegan fatnað og skó heldur megi skila þar allri vefnaðarvöru burtséð frá ástandi.

Ábyrgð: Umhverfis og mannvirkjasvið.

Verklok: 2017

2.5.5 Lágmarka fjölpóst

Markmið: Minnka verður það magn dagblaða og auglýsingapósts sem berst inn á heimilin.

Aðgerðir: Íbúar verði hvattir til að lágmarka fjölpóst og verður bent á að hægt er að fá límmiða hjá Íslandspósti þar sem fjölpóstur er afþakkaður.

Ábyrgð: Umhverfis og mannvirkjasvið

Verklok: 2017

2.5.6 Strætóappið

Markmið: Kynna íbúa fyrir strætóappinu og hvernig það virkar.

Aðgerðir: Gangast þarf fyrir markvissu átaki í almenningssamgöngumálum og kynna strætóappið vel.

Ábyrgð: Umhverfis og mannvirkjasvið

Verklok: 2017